

Umhverfisstofnun
Áb. <u>ABB</u> <u>ABG</u>
<u>06. feb. 2015</u>
<u>08.06.01</u>
Tilv. <u>VST201502-156</u>



Malbikunarstöðin Höfði hf
Sævarhöfða 6-10
110 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 4. febrúar 2015
Tilv.: UMH15010116/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 29. janúar sl. um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir rekstur Malbikunarstöðvar Höfða hf., á meðan unnið er að gerð nýs starfsleyfis. Fram kemur í framangreindu erindi að sótt hafi verið um endurnýjun á núverandi starfsleyfi, þ.e. umsókn um nýtt starfsleyfi, þann 16. júní sl. og að umsóknin sé í ferli hjá Umhverfisstofnun. Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 1. febrúar 2015. Óskað er eftir því að veitt verði undanþága til áframhaldandi reksturs meðan á starfsleyfisferlinu stendur.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 4. febrúar 2015., og þar staðfestir stofnunin að rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar, umsóknin hafi verið samþykkt og sé langt komin. Ekki hafi náðst að gefa út nýtt starfsleyfi áður en hið fyrra rann út, m.a. vegna þess að ekki fylgdu öll gögn upphaflegri umsókn en einnig vegna nokkurs álags hjá stofnuninni. Umhverfisstofnun telji rétt að ráðuneytið veiti rekstraraðila undanþágu frá starfsleyfi á meðan unnið er að nýju starfsleyfi rekstraraðila.


Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Malbikunarstöðinni Höfða hf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 24. febrúar 2003 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði

laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. október 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Vigdís Sigurðardóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur